

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	30.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar urðun umfram heimild starfsleyfis. Útistandandi eru eldri frávik er varða takmörkun aðgangs, urðun á grófum úrgangi og geymslu ökutækja utan steypstans, en úrbætur vegna þeirra verða teknar út í næsta eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Eftirlitið fór einungis fram með rafrænum hætti.

Markmið eftirlitsins var að ræða stöðu úrbóta vegna fjögurra opinna frávíka er varða takmörkun aðgangs, urðun á grófum úrgangi, geymslu ökutækja utan steypstans og urðun lífræns úrgangs.

Frávik frá gr. 2.1 í starfsleyfi kom fram í eftirliti 7. desember 2017, hefur verið ítrekað í eftirlitum og rekstraraðili sent inn uppfærðar úrbótaáætlanir ár hvert. Uppfærð úrbótaáætlun vegna fráviksins var samþykkt af Umhverfisstofnun 20. september sl. Í eftirliti nú kom fram að öll girðingin umhverfis urðunarstaðinn yrði endurnýjuð og væri þeirri vinnu að mestu lokið.

Frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi vegna geymslu ökutækja, óheimilar urðunar á grófum úrgangi og urðunar á lífrænum úrgangi umfram heimild kom fram í fyrirvaralausum eftirliti 18. nóvember 2020. Úrbótaáætlun vegna þessa var samþykkt af Umhverfisstofnun 8. mars 2021.

Við eftirlit í nóvember 2020 kom í ljós að mikið var um úr sér gengin ökutæki á urðunarstaðnum sem ekki voru geymd á þar til gerðu steypstu plani. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila í eftirliti nú hefur verið bætt úr og ökutækjum staflað á pplaníð. Ökutæki eru hinsvegar nýtt sem farg á brotajárnsgáma og því færð nær brotajárnshaugnum þegar til stendur að nýta þau.

Samkvæmt starfsleyfi urðunarstaðarins má urða þar 2500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Í eftirliti 18. nóvember 2020 kom í ljós að verið væri að urða ýmsan grófan úrgang sem ekki var heimild fyrir. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var markmiðið að þrengja að innmötun í plast- og sorpgáma og auka flokkun. Í eftirliti nú kom fram að vel hefði tekist til við úrbætur, flokkun hefði verið aukin töluvert, þ.a.l. væri meira af úrgangi hæfur til endurvinnslu og væri keyrður í höfuðstöðvar Terra í Hafnarfirði.

Í gr. 1.2 í starfsleyfi urðunarstaðarins er heimild til urðunar á lífrænum úrgangi séu kröfur um mengunarvarnir uppfylltar, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2 í starfsleyfi. Mengunarvarnir eru ekki til staðar á urðunarstaðnum. Í júní 2020 óskaði rekstraraðili eftir tímabundinni undanþágu til eins árs til urðunar á lífrænum úrgangi án mengunarvarna. Breyting var gerð á starfsleyfinu þar sem bætt var inn ákvæði um tímabundna undanþágu með gildistíma fram til 1. júlí 2021. Heimilt var að urða 1000 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021 án þess að uppfyllt væru skilyrði um mengunarvarnir. Í eftirliti í nóvember 2020 kom í ljós að árið 2020 hafði verið urðað töluvert umfram heimild starfsleyfisins og sýna skráningar á magntölum úrgangs að urðuð voru 1560 tonn af lífrænum úrgangi árið 2020. Um er að ræða tæplega tvöfalt það magn sem heimilt er að urða samkvæmt starfsleyfi.

Rekstraraðili fór í úrbætur vegna urðunar á lífrænum úrgangi og vinnu með rekstraraðilum á svæðinu við að leita lausna til að draga úr urðun lífræns úrgangs ásamt því að aftur var sótt um tímabundna heimild til urðunar á lífrænum úrgangi án mengunarvarna. Breyting var gerð á starfsleyfinu og tók hún gildi 3. nóvember sl. Þar var tímabundin heimild til urðunar á lífrænum úrgangi árið 2021 aukin í 800 tonn. Í eftirliti nú kom fram að þegar hefðu verið urðuð 1000 tonn af lífrænum úrgangi árið 2021 og stefndi í að það sama yrði uppi á teningnum 2022 og 2023. Hægst hefði á vinnu vegna brennsluofns sem koma á upp á urðunarstaðnum og vinna með rekstraraðila á svæðinu við að koma upp lausnum til betri nýtingar á lífrænum úrgangi tæki a.m.k. næstu tvö ár.

gr. 3.7 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að urða 1600 tonn af lífrænum úrgangi, þarf af 800 tonn árið 2020 og 800 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Fram kom í eftirliti að á tímabilinu janúar-nóvember 2021 hefðu verið urðuð 1000 tonn af lífrænum úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.02.2022



Sigríður Magnúsdóttir

